

Nr. 21-042 S 029 Patrekur BA 64***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskrá: 1399
IMO: 7350650
Smíðaður: Þorgeir & Ellert, 1974, stál
Útgerð: Oddi hf.
Stærð: 194,92 bt. 108,36 brl.
Mesta lengd: 29,29 m Skráð lengd: 27,15 m
Breidd: 6,60 m Dýpt: 5,55 m
Vél: Caterpillar 578 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 9



Patrekur©Grétar Þór Sæþórsson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. mars 2021 var línuveiðiskipið Patrekur BA 64 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: 10-12 m/s

Skipverjar voru að ganga frá eftir veiðar og var einn þeirra að taka línuspilið inn fyrir til að loka línulúgunni. Skipið tók þá óvænt djúpa veltu yfir í bakborða, skipverjinn féll aftur fyrir sig og lenti ofan í blóðgunarkassa og fékk línuspilið yfir sig. Við þetta klemmdist hægri fóturinn undir línuspilinu. Siglt var með slasaða til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að línuspilið var á lömum og tekið inn fyrir með handafli;
- að slasaði var einn við verkið en fram kom að þetta væri tveggja manna verk en sökum þrengsla væri erfitt að kom því við;
- að í þessari veiðiferð var veltitankur skipsins bilaður sem orsakaði hraðari veltur.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að skipverjinn var settur einn í verkið.

Sérstök ábending til útgerðar:

Hugað verði af því að útbúinn verði búnaður til að taka inn línuspilið með glussabúnaði og/eða lyftibúnaði til að koma í veg fyrir frekari slys.